

163. fundur í skólanefnd

Þriðjudaginn 6. maí 2014 kl. 16:16-18:00

Mættir voru: Ásrún, Erna, Dóra, Gunnar Árnason, Halldór, Herdís, Lilja, Trausti, Unnur og Þorkell.

Fundarstjóri: Erna

Fundarritari: Herdís

1. Fréttir af skólastarfinu

Dóra fór yfir helstu atriði í skólastarfi vorannar 2014. Þar kom eftirfarandi fram:

Eftir að verkfall leystist var fimm kennsludögum bætt við skóladagatalið. Kennt var á þriðjudegi eftir páska og á sumardaginn fyrsta auk þess sem vorpróf voru færð um þrjá daga.

Kosin hefur verið ný stjórn nemendafélag skólans fyrir skólaárið 2014-2015. Stjórnina skipa Halldóra Björg Þorvaldsdóttir, Jana Björg Róbertsdóttir, Óskar Páll Davíðsson, Birna Íris Barkardóttir og Elfa Björk Víðisdóttir.

Sett hefur verið upp Facebook-síða fyrir Framhaldsskólann á Húsavík.

Rætt hefur verið við útskriftarhópinn um dimmiteringu og útskrift. Nemendur hafa verið beðnir um að mæta ekki drukknir heim til kennara í dimmiteringu. Undirtektir við þeirri beiðni hafa verið misjafnar. Útskrift verður haldin laugardaginn 24. maí kl. 14:00.

Dóra kynnti drög að dagatali næsta skólaárs. Það verður lagt fyrir starfsfólk til samþykktar á starfsdögum í lok maí. Hugmyndir eru um að stytta dillidaga næsta skólaár og breyta fyrirkomulagi þeirra.

Útskriftarnemar önnuðust tölvukennslu fyrir eldri borgara á vorönn og tókst sú vinna vel.

Farið verður af stað með uppsetningu nýrrar lyftu í skólanum í sumar. Stefnt er að því að lyftan verði komin í gagnið í upphafi næsta skólaárs.

2. Verkfallið og áhrif þess á nemendur

Herdís greindi frá því að mæting nemenda eftir verkfall hefði verið góð. Framkvæmd var fjarvistatalning eftir fyrstu viku í kjölfar verkfalls og var meðalraunmæting þá 88,4% en að teknu tilliti til veikinda og leyfa var meðalmæting 99,6%. Aðeins einn nemandi hefur sagt sig frá skóla með skýringunni „hættir vegna verkfalls“.

Herdís fór yfir brottfall það sem af er vorönn 2014. Nú þegar hafa 11 nemendur sagt sig frá námi. Þetta eru að langmestu leyti fjarnemendur og nemendur með frjálsa mætingu sem eru í fáum áföngum sem þýðir að áhrifin á ársnema fjölda eru minni.

Herdís greindi jafnframt frá stöðunni á umsóknum nýnema um skólavist fyrir næsta skólaár. Í Borgarhólsskóla eru nú 29 nemendur í 10. bekk en einungis 16 þeirra hafa sótt um skólavist í Framhaldsskólanum á Húsavík. Mikil umræða var um hvernig bregðast skyldi við þessum vanda. Rætt var um að halda fund hið snarasta með foreldrum nemenda í 10. bekk auk þess sem foreldraráð FSH yrði beðið um að skrifa grein um skólann í Skarp. Jafnframt var rætt um að efla samstarfið milli Framhaldsskólans og Borgarhólsskóla næsta ár, t.d. með því að bjóða nemendum í unglingadeild oftari í Framhaldsskólann og fara í heimsóknir í Borgarhólsskóla. Einnig var rætt um að koma því til vegar að nemendaráð skólanna tveggja ynnu meira saman.

3. Rekstur skólans

Dóra kynnti fór yfir stöðuna í rekstri skólans.

4. Önnur mál

Dóra greindi frá því að tveir kennarar við FSH, þeir Björgvin Rúnar Leifsson og Knútur Arnar Hilmarsson, hefðu verið tilnefndir sem framúrskarandi framhaldsskólakennarar af nemendum við verkfræði- og náttúruvísindasvið HÍ.

Dóra sagði jafnframt frá því að FSH hefði verið dreginn út til að taka þátt í rannsókn sem til stendur að gera á vegum menntavísindasviðs HÍ um starfshætti í framhaldsskólum. Rannsakendur munu heimsækja skólann á haustönn 2014 og kynna sér kennsluhætti.

Dóra bar upp erindi um að hækka afnotagjöld við skólann úr 2500 kr. í 5000 kr enda hafi afnotagjald ekki hækkað síðan árið 2006. Þetta var samþykkt einróma.

Dóra greindi frá því að Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefði skipað Mjöll Matthíasdóttur sem varamann í skólanefnd.

Fleira var ekki rætt, fundi slitið.